

13. febrúar 2019 | Dans | 868 orð | 2 myndir

**Dans - Borgarleikhúsið**

# Að syngja um ekki neitt

## Um hvað syngjum við \*\*---

Eftir Pieter Ampe í náinni samvinnu við Jakob Ampe, Valdimar Jóhannsson, Barböru Demaret, Jelle Clarise og dansara Íslenska dansflokkssins. Hugmynd: Pieter Ampe. Tónlist, samsetning og raddþjálfun: Jakob Ampe. Glöggt auga: Jelle Clarisse.

Eftir Pieter Ampe í náinni samvinnu við Jakob Ampe, Valdimar Jóhannsson, Barböru Demaret, Jelle Clarise og dansara Íslenska dansflokkssins. Hugmynd: Pieter Ampe. Tónlist, samsetning og raddþjálfun: Jakob Ampe. Glöggt auga: Jelle Clarisse. Dramatúrgisk aðstoð: Barbara Demaret. Ljós og leynd aðstoð: Valdimar Jóhannsson. Dansarar: Sigurður Andrean Sigurgeirsson, Elín Signý Weywadt Ragnarsdóttir, Erna Gunnarsdóttir, Felix Urbina Alejandre, Charmene Pang, Tilly Sordat, Shota Inoue og Una Björg Bjarnadóttir. Íslenski dansflokkurinn frumsýndi á Stóra sviði Borgarleikhússins föstudaginn 8. febrúar 2019.

Nýjasta verk Íslenska dansflokkssins, Um hvað syngjum við, var frumsýnt síðastliðið föstudagskvöld á Stóra sviði Borgarleikhússins, en verkið er byggt á hugmynd belgíská danshöfundarins Pieter Ampe og er hann titlaður höfundur þess í samvinnu við fjóra aðra höfunda og dansara flokksins. Tónlistin er úr ýmsum áttum, mest dægurlög sem tengast efni verksins, en samsetning hennar og raddþjálfun dansaranna er í höndum Jakobs Ampe. Alls taka átta dansarar þátt í sýningunni og eru þrír þeirra að koma fram í fyrsta skipti með floknum sem hefur tekið miklum breytingum undanfarið.

Í bláþyrjun verksins blasir við áhorfendum autt svið í vinnulýsingu. Dansararnir tínast svo inn einn af öðru með ýmislegt svíðsdót, sem þau raða saman og klæða með litríkum tjöldum. Eitthvað verður til sem minnir kannski á skýli eða tjald, og ósjálfrátt dettur manni í hug börn í útilegu eða krakkar í sumarbúðum. Undir hljómar nostalgísk popptónlist. Einn dansarinn tilkynnir okkur að í kvöld ætli þau að deila með okkur sínum persónulegu sögum, upplifunum og viðhorfum – og berskjalda sig. Hún ætli hins vegar að dansa sinn sársauka og exístensíal pælingar sem hún gerir af mikilli aluð. Annar dansari reynir eftirminnilega að stökkva í loftið á hælaháum skóm sem er hægt að túlka sem hans innri baráttu. Dansararnir dansa eins og það sé enginn að horfa og persónuleiki þeirra skín í gegn sem er áhrifaríkt. Það fylgir svíðsetningunni fyrirheit um spennandi frásögn, allt getur gerst og áhugi áhorfandans er vakinn.

Frásögnin breytist þó fljótt og tekur á sig það form að verða röð af sólóatriðum með stuttum tengingum, þar sem einn dansarinn af öðrum segir einhvers konar sögu eða lýsir ástandi með samblandi af leik, söng, og dansi. Öll umfjöllunarefni eru leyfileg, og eina tengingen á milli þeirra eru manneskjurnar á svíðinu.

Strax eftir fyrstu „söguna“ fer maður að velta fyrir sér hvort svona persónulegar frásagnir eigi eitthvert erindi við okkur áhorfendur. Af hverju eignum við áhorfendur að sitja undir því í stórum sal að hlusta á misjafnlega vel útfærðar frásagnir dansara um sitt eigið líf? Það sem virtist ætla að verða spennandi sýning verður fljótt þreytandi og innihaldslaust.



Berskjaldaður „Dansararnir leggja sig mjög mikið fram, eins og þeirra er von og vísa, og þeir ná að skapa fögur augnablik í verkinu. Sérstaklega má nefna minnisstæða mynd þar sem einn dansaranna dansar nakinn og leikur sér með stóra og hvasstennta sög,“ segir í rýni um Um hvað syngjum við hjá Íslenska dansflokknum.



[ Smellið til að sjá stærri mynd ]

Senurnar streyma síðan ein af annarri og þá oftar en ekki í litlu eða engu samhengi við þá næstu, bara samansafn af ólíkum persónulegum opnum. Stundum verður þetta hreinlega pínlegt og maður sprýr sig hversu langt höfundur verksins ætti að fara í að kreista fram eitthvað úr einkalífi dansaranna til að sjokkera áhorfendur. Má t.d. nefna senu þar sem einn dansarinn sýnir kynferðislega tilburði við „sofandi“ líkama hinna. Meðvirkni, valdastaða, forréttindi og ofbeldi eru orð sem fljóta á yfirborðinu, gagnvart dönsurunum sjálfum og einnig gagnvart áhorfendum.

Dansararnir leggja sig mjög mikið fram, eins og þeirra er von og vísa, og þeir ná að skapa fögur augnablik í verkinu. Sérstaklega má nefna minnisstæða mynd þar sem einn dansaranna dansar nakinn og leikur sér með stóra og hvassstennta sög. Eins eru nokkur góð tilboð sem augljóslega koma frá dönsurunum, ljóðrænar myndir sem og áhugaverðar hugleiðingar, sem því miður týnast í óljósum óreiðuheimi. Úti í sal virðist manni allt að því áþreifanlegt að dönsurunum líður óþægilega, og þeir eigi fullt í fangi með að standa með verkinu. Senan þar sem dansarinn reynir að dansa í hælaháum skóm fær nýja merkingu. Lokaatriðið, væmið karókí-atriði í anda bandarískra bíómynda, má jafnvel túlka sem íróniú eða tilraun til uppreisnar gagnvart höfundinum.

Að svíosetja hið persónulega getur verið stórkostleg aðferðafræði, en mjög vandmeðfarin. Antonin Artaud prédikaði að í leikhúsi ætti flytjandinn að færa persónulega fórn og afhjúpa sjálfan sig – og þannig gæti áhorfandinn upplifað hina sönnu gleði sem samfélagið hefur þjálfað hann í að bæla. Í verkinu sem hér um ræðir skortir hins vegar alla greiningu á viðfangsefninu og ramma í kringum frásögnina, en umfram allt þá vantar dýpt: að verkið sé að segja eitthvað, eitthvað brenni á því. Útkoman verður því væmin, klisjukennd og jaðrar við tilfinningaklám. Upplifunin er svoltíð eins og að vera óvart staddur á einhvers konar blöndu af árshátið og AA-fundi.

Ýmsar spurningar vakna að lokinni sýningu, s.s. um hver sé almennt þróun dansins í dag, um einlægni á svíði, um mörk hins persónulega og almenna, um ábyrgð höfundarins og hversu mikils er hægt að krefjast af dansaranum í nafni listarinnar. Sú spurning vaknar líka hvort „sjálfhverfan“ í öllu sínu veldi sé ef til vill að taka yfir mikilvægi hins listræna í svíðslistum. Dansararnir halda verkinu uppi með hugrekki sínu, en þau eru sett í mjög erfiða stöðu þar sem eina hugsjón verksins liggar á þeim sjálfum að framleiða. Þetta skiptir þó kannski ekki öllu máli því þegar á allt er litið, og allir mega og eiga að gera allt, og verkið á að vera um allt, þá er það í raun ekki um neitt, ekki um nokkurn skapaðan hlut – og dettur dautt niður.

Nína Hjálmarsdóttir